

Áhrifaþættir meiðsla í umferðarslysum:
Munur á meiðslum ökumanna jeppa og fólksbifreiða

Guðmundur Freyr Úlfarsson, Ph.D.
Verkefni styrkt af Rannsóknarráði umferðaröryggismála

Titill:	Áhrifaþættir meiðsla í umferðarslysum: Munur á meiðslum ökumanna jeppa og fólksbifreiða
Höfundur:	Guðmundur Freyr Úlfarsson, Ph.D.
Útgáfa:	Rannsóknarráð umferðaröryggismála
Efnisorð:	Meiðsli, jeppar, umferðarslys, umferðaröryggi
Aðgengi:	Þessa skýrslu má nálgast hjá Rannsóknarráði umferðar- öryggismála, Vegagerð Íslands.
Tilvitnun:	Guðmundur Freyr Úlfarsson, 2003: <i>Áhrifaþættir meiðsla í umferðarslysum: Munur á meiðslum ökumanna jeppa og fólksbifreiða</i> . Rannsóknarráð umferðaröryggismála, Reykjavík.
Höfundarréttur:	©2003 Guðmundur Freyr Úlfarsson Öll réttindi áskilin.
Útgáfunúmer:	1.2

Samantekt

Gögn úr slysaskrá Umferðarstofu (áður Umferðarráðs) hafa verið notuð til gerðar spálíkana fyrir meiðsl í umferðarslysum í dreifbýli og þéttbýli. Rannsókuð voru öll skráð umferðarslys eins eða tveggja fólksbifreiða og jeppa á Íslandi árin 1992–1999.

Helstu niðurstöður varðandi mun á meiðslum ökumanna jeppa og fólksbifreiða eru:

- Jeppar koma ver út fyrir sína ökumenn í slysum án áreksturs við annað ökutæki í dreifbýli
- Fólksbifreiðar koma betur út fyrir sína ökumenn í slysum án áreksturs við annað ökutæki í dreifbýli
- Jeppar koma betur út fyrir sína ökumenn í árekstrum við fólksbifreiðar bæði í dreifbýli og í þéttbýli, en auka líkur á alvarlegri meiðslum ökumanns fólksbifreiðarinnar.

Ökumenn fólksbifreiða í árekstri við jeppa eru því líklegri til að verða fyrir alvarlegri meiðslum en ef þeir hefðu lent í árekstri við fólksbifreið. Líkur ökumanna jeppa á meiðslum minnka ef þeir lenda í árekstri við fólksbifreið.

Niðurstöður greiningar á áhrifaþáttum sýna að slæmt atferli ökumanna vegur þyngra en umhverfisþættir. Niðurstöðurnar sýna meðal annars:

- Próflausir eða prófsviptir ökumenn tengjast margfalt hærri líkum á eigin dauðsfalli í umferðarslysi
- Akstur á móti rauðu ljósi tengist stór vaxandi líkum á dauðsföllum
- Ölvun eða lyfjanotkun er almennt tengd meira en hundrað prósent hærri líkum á einhverjum meiðslum en sambærileg slys án ölvunar eða lyfjanotkunar.
- Ökumenn eldri en 65 ára eru líklegri til að verða fyrir alvarlegri meiðslum en yngri ökumenn.
- Högg hjá ökumanni í árekstri tveggja ökutækja tengjast stórauðnum líkum á dauðsfalli ef um meiðsl er að ræða
- Bílbeltanotkun tengist almennt auknum líkum á litlum meiðslum og minnkandi líkum á miklum meiðslum og dauðsföllum í slysum og sanna þar með gildi sitt.
- Konur mælast almennt líklegri til að verða fyrir einhverjum meiðslum en karlar, en ef þær verða fyrir meiðslum er almennt lítill munur á þeim og körlum nema ef eitthvað er, tengjast konur þá minni líkum á alvarlegri meiðslum.

Efnisyfirlit

1 Inngangur	1
2 Staða þekkingar	1
3 Aðferðafræði	2
4 Gögn	4
5 Tíðni og dreifing meiðsla	5
6 Niðurstöður samanburðar jeppa og fólksbifreiða	6
6.1 Slys eins ökutækis í dreifbýli	8
6.2 Slys eins ökutækis í þéttbýli	8
6.3 Árekstrar tveggja ökutækja í dreifbýli	8
6.4 Árekstrar tveggja ökutækja í þéttbýli	10
7 Mikilvægustu áhrifapættir meiðsla í umferðarslysum	10
8 Lokaorð	13
A Niðurstöðutöflur	17
A.1 Dreifbýli—1 ökutæki	19
A.1.1 Líkan fyrir engin eða einhver meiðsl ökumanna í dreifbýli	20
A.1.2 Líkan fyrir lítil meiðsl, mikil meiðsl, eða dauða ökumanna í dreifbýli	22
A.2 Dreifbýli—2 ökutæki	24
A.2.1 Líkan fyrir engin eða einhver meiðsl ökumanna í dreifbýli	25
A.2.2 Líkan fyrir lítil meiðsl, mikil meiðsl, eða dauða ökumanna í dreifbýli	27
A.3 Þéttbýli—1 ökutæki	29
A.3.1 Líkan fyrir engin eða einhver meiðsl ökumanna í þéttbýli	30
A.3.2 Líkan fyrir lítil meiðsl, mikil meiðsl, eða dauða ökumanna í þéttbýli	32
A.4 Þéttbýli—2 ökutæki	34
A.4.1 Líkan fyrir engin eða einhver meiðsl ökumanna í þéttbýli	35
A.4.2 Líkan fyrir lítil meiðsl, mikil meiðsl, eða dauða ökumanna í þéttbýli	37

Töfluskra

1	Tíðni slysa í þéttbýli og dreifbýli	4
2	Tíðni slysa eftir farþegafjölda	4
3	Tíðni slysa eftir fjölda ökutækja	5
4	Skráning bílbeltanotkunar eftir meiðslum	5
5	Tíðni meiðsla ökumanna jeppa og fólksbifreiða—slys eins ökutækis	7
6	Tíðni meiðsla ökumanna sem lentu í árekstri við jeppa	7
7	Tíðni meiðsla ökumanna sem lentu í árekstri við fólksbifreið	8
8	Samanburður ökumanna jeppa og fólksbifreiða	9
9	Mikilvægustu áhrifaþættir meiðsla í umferðarslysum eins ökutækis	11
10	Mikilvægustu áhrifaþættir meiðsla í árekstrum tveggja ökutækja	12
11	Áhrifaþættir; 1 ökutæki í dreifbýli	19
12	Stuðlar líkans fyrir engin eða einhver meiðsl; 1 ökutæki í dreifbýli	20
13	Líkindanæmi áhrifaþátta fyrir engin eða einhver meiðsl; 1 ökutæki í dreifbýli	21
14	Stuðlar líkans fyrir lítil, mikil meiðsl eða dauða; 1 ökutæki í dreifbýli	22
15	Líkindanæmi áhrifaþátta fyrir lítil, mikil meiðsl eða dauða; 1 ökutæki í dreifbýli	23
16	Áhrifaþættir; 2 ökutæki í dreifbýli	24
17	Stuðlar líkans fyrir engin eða einhver meiðsl; 2 ökutæki í dreifbýli	25
18	Líkindanæmi áhrifaþátta fyrir engin eða einhver meiðsl; 2 ökutæki í dreifbýli	26
19	Stuðlar líkans fyrir lítil, mikil meiðsl eða dauða; 2 ökutæki í dreifbýli	27
20	Líkindanæmi áhrifaþátta fyrir lítil, mikil meiðsl eða dauða; 2 ökutæki í dreifbýli	28
21	Áhrifaþættir; 1 ökutæki í þéttbýli	29
22	Stuðlar líkans fyrir engin eða einhver meiðsl; 1 ökutæki í þéttbýli	30
23	Líkindanæmi áhrifaþátta fyrir engin eða einhver meiðsl; 1 ökutæki í þéttbýli	31
24	Stuðlar líkans fyrir lítil, mikil meiðsl eða dauða; 1 ökutæki í þéttbýli	32
25	Líkindanæmi áhrifaþátta fyrir lítil, mikil meiðsl eða dauða; 1 ökutæki í þéttbýli	33
26	Áhrifaþættir; 2 ökutæki í þéttbýli	34
27	Stuðlar líkans fyrir engin eða einhver meiðsl; 2 ökutæki í þéttbýli	35
28	Líkindanæmi áhrifaþátta fyrir engin eða einhver meiðsl; 2 ökutæki í þéttbýli	36
29	Stuðlar líkans fyrir lítil, mikil meiðsl eða dauða; 2 ökutæki í þéttbýli	37
30	Líkindanæmi áhrifaþátta fyrir lítil, mikil meiðsl eða dauða; 2 ökutæki í þéttbýli	38

1 Inngangur

Tilgangur rannsóknarinnar er að finna helstu þætti sem hafa áhrif á líkur á meiðslum ökumanna í umferðarslysum er varða eitt ökutæki og í árekstrum tveggja ökutækja, með sérstakri áherslu á mun á meiðslum ökumanna jeppa og fólksbifreiða. Til að ná þessum tilgangi er aðferðum úr hagrannsóknnum beitt til að setja fram stærðfræðileg líkön er meta líkur þess að tiltekinn ökumaður í tilteknu slysi verði fyrir meiðslum og þá af hvaða tagi. Flokkar meiðsla eru: *Engin meiðsl*, *lítil meiðsl*, *mikil meiðsl* og *dauði*. Þessi flokkun ræðst af þeirri flokkun sem er notuð í slysaskrá Umferðarstofu.

Líkönin eru sett fram sem stærðfræðileg föll af þeim áhrifaþáttum sem slysaskráin hefur að geyma, t.a.m. birtuskilyrði, vegskilyrði, aldur, kyn og ölvun ökumanns, fjöldi farþega, aldur ökutækis, tegund umferðarslyss. Hver þessara þátta er metinn tölfræðilega til að kanna hvort þátturinn hefur marktæk áhrif á meiðsl í umferðarslysum eða ekki.

Líkön sem þessi gefa nákvæmari upplýsingar um hvað ræður meiðslum í umferðarslysum en einföld meðaltöl eða flokkanir áhrifaþátta í hópa eins og títt er í úrvinnslu ýmissa kannana. Slík meðaltöl leyfa ekki skýran samanburð á milli áhrifaþátta, t.d., til að sjá hvaða þáttur er áhrifamestur og hver er minnstur.

Upplýsingar um hvaða áhrifaþættir eru ráðandi og auka eða minnka líkur á meiðslum í umferðarslysum eru mikilvægar við ákvarðanatöku sem varðar umferðaröryggismál. Niðurstöður rannsóknarinnar benda á þá áhrifaþætti sem mest áhrif hafa. Slíkar upplýsingar geta einnig nýst við skipulagningu og endurbætur umferðarmannvirkja, og við umferðarfræðslu.

Þessi skýrsla lýsir fyrst stöðu þekkingar stuttlega og þá aðferðafræðinni sem beitt er. Næst er gefin lýsing á gögnunum og því næst eru niðurstöður ræddar. Í viðauka fylgja töflur með öllum útreiknuðum stuðlum líkananna.

2 Staða þekkingar

Slysaskrá Umferðarstofu er mikilvæg forðalind fyrir rannsóknir á umferðarslysum á Íslandi. Umferðarstofa og Umferðarráð hafa notað gögnin til að reikna út heildarmeðaltöl og summur af ýmsu tagi, auk þess sem gögnin hafa verið flokkuð í hópa. Þannig hafa t.d. verið birtar upplýsingar um fjölda látinna í ýmsum aldursflokkum, fjölda og aldursskiptingu slasaðra, tegund umferðarslysa og fjölda umferðarslysa eftir landshlutum, árstíðum og tíma dags.

Nýlegar íslenskar rannsóknir á umferðarslysum hafa m.a. skoðað útafakstur á Ísland (Ágúst Mogensen, 2002), tíðni bifhjólasylla á Íslandi (Ágúst Mogensen og Örn Þ. Þorvarðarson, 2001), slysatíðni breyttra jeppa (Árni Jónsson, Skúli Þórðarson og Guðmundur Freyr Úlfarsson, 2002), framanákeyrslur (Rannsóknarnefnd umferðarslysa, 2003). Lögreglan á Blönduósi (2003) rannsakaði ástæður umferðaróhappa á þjóðveginum. Það er athyglisvert að bera þá skýrslu saman við þessa, því hér er gert ráð fyrir að slys hafi orðið og áhrifaþættirnir eru tengdir meiðslum. Hér er því ekki rætt um ástæður umferðarslysa, heldur hvaða þættir tengjast meiri og minni meiðslum.

Aðferðir úr hagrannsóknnum hafa mikið verið notaðar erlendis til að rannsaka umferðarslys á nánari hátt. Tölfræðileg greining umferðarslysa skiptist að grunninum til í tvennt, greiningu á tíðni slysa og greiningu á meiðslum í einstökum slysum.

Tíðnigreining byggir á samantektum fyrir mörg slys á tilteknu svæði og tímabili. Í slíkri greiningu er því almennt ekki tekið tillit til áhrifaþátta sem tengjast öikumanni eða tilteknu slysi, heldur eru í mesta lagi notuð meðaltöl um öikumenn og slys á svæðinu á tímabilinu. Tíðnigreining getur verið tiltölulega einföld og byggð á meðaltölum, staðalfrávikum, og tíðni hlutföllum (sjá t.d. skýrsluna *Banaslys í umferðinni 2001, 2002*, og skýrslu um slysatíðni breyttra jeppa eftir Árna Jónsson, Skúla Þórðarson og Guðmund Frey Úlfarsson, 2002) en getur einnig orðið margbreytilegri með notkun Poisson aðhvarfslíkana, neikvæðra tvíkostalíkana (sjá t.d. greiningu á árekstrum ökutækja við gangandi vegfarendur eftir Shankar, Guðmund Frey Úlfarsson, Pendyala og Nebergall, 2003), og neikvæðra fjölkostalíkana (sjá t.d. greiningu á tíðni slysa þar sem ökutæki fer yfir umferðareyju eftir Guðmund Frey Úlfarsson og Shankar, 2003).

Gerð spálíkana fyrir meiðsli í umferðarslysum nýtir hins vegar gögn um einstök slys, þar með talin gögn um öikumann eins og aldur og kyn, gerð ökutækis og þess háttar. Slík greining er möguleg þar sem til er nákvæm slyssaskrá. Í þessu verkefni er framkvæmd tölfræðileg greining á meiðslum í slysum eins og tveggja ökutækja. Aðferðafræðin sem er notuð er sú sem var þróuð af McFadden (1974, 1981) og hann fékk m.a. Nóbelsverðlaun fyrir. Fyrir almennan fræðilegan bakgrunn fyrir hagrannsóknir má, til dæmis, sjá Greene (2002).

Margir vísindamenn hafa rannsakað ýmsa þætti umferðarslysa með beitingu þessara aðferða. Chang og Mannering (1999) rannsökuðu meiðsli í árekstrum á milli fólksbifreiða og vöruflutningabifreiða, Kennedy (1997) rannsakaði áhrif ljósastaura og vegriða á umferðarslys, Lee og Mannering (2001) rannsökuðu áhrif hluta rétt utan vegar, s.s. vegrið, á slys vegna útafaksturs, Michie og Bronstad (1994) framkvæmdu greiningu á vegriðum, Shankar og Mannering (1996) rannsökuðu meiðsl í bifhjólalýsum, Shankar et al. (1996) rannsökuðu meiðsl á hraðbraut sem liggur um hátt fjallaskarð; Guðmundur Freyr Úlfarsson (2001), Guðmundur Freyr Úlfarsson og Mannering (2004) rannsökuðu kynjamun í umferðarslysum.

Ýmsar almennar niðurstöður fáast úr þessum fyrri rannsóknum. T.d., bílbelti draga almennt talsvert úr meiðslum, áfengisneysla er tengd við meiri meiðsl í alvarlegum slysum en minni meiðsl í minniháttar slysum, eldri öikumenn verða fyrir meiri meiðslum í umferðarslysum. Slys í snjó tengjast minni meiðslum en slys á þurrum vegi, þar ræður aukinn hraði við betri aðstæður miklu. Þó þessar almennu upplýsingar séu þekktar þá er ekki ljóst að áhrif þessara þátta á líkur á meiðslum séu eins á milli landa almennt, og sér í lagi á Íslandi. Því er þessi könnun mikilvæg til þess að leiða í ljós hvaða þættir hafa mest áhrif á líkur á meiðslum á Íslandi.

3 Aðferðafræði

Líkanið sem notað er í þessari rannsókn er logit spálíkan fyrir líkum á því að öikumaður n sem hefur lent í slysi verði fyrir meiðslum sem flokkuð eru í slysaflokk i , táknað P_{ni} . Slysaflokkarnir eru hér fjórir: *engin meiðsl*, *lítil meiðsl*, *mikil meiðsl*, eða *dauði*.

Til þess að setja fram líkanið er gert ráð fyrir eftirfarandi atriðum (sjá nánari útleiðslu í ritgerð eftir Guðmund Frey Úlfarsson, 2001):

1. Líkurnar, P_{ni} , á því að öikumaður $n \in N$ sé flokkaður í slysaflokk $i \in I$ eru háðar gildum S_{ni} , þar sem N er mengi öikumanna og I er mengi slysaflokka.
2. Gildið S_{ni} er summa kerfisbundins hluta, s_{ni} , sem er fall af mældum stærðum (áhrifaþáttum), og slembihluta, ϵ_{ni} , sem lýsir ómældum stærðum.

3. Ökumaður n verður fyrir meiðslum sem flokkast í flokk i ef gildið S_{ni} er stærra eða jafnt og samsvarandi gildi fyrir alla aðra slysaflokka.
4. Kerfisbundna hlutanum, s_{ni} , er lýst sem fallinu $s_{ni} = X_{ni}\beta_i$, þar sem X_{ni} er $1 \times k$ vektor af k mældum áhrifaþáttum sem eru óháðir slembihlutanum; β_i er $k \times 1$ vektor metanlegra stuðla.
Við ritum gildi vektoranna X_{ni} og β_i sem x_{nik} og β_{ik} .
5. Slembihlutinn, ϵ_{ni} , er slembitala úr dreifingu Gumbels. Þær eru óháðar hver annarri og dreifðar eins. Þetta táknum við $\epsilon_{ni} \sim G(0, 1)$.

Þegar ofangreint er tekið og sett fram á stærðfræðilegt form fæst fyrst:

$$S_{ni} = s_{ni} + \epsilon_{ni}. \quad (1)$$

Líkurnar á því að n lendi í flokki i verða þá

$$P_{ni} = P(\max_{i' \neq i} S_{ni'} \leq S_{ni}), \quad (2)$$

þar sem $i' \in I$. P_{ni} eru því líkurnar á því að gildið fyrir flokk i sé stærra eða jafnt gildunum fyrir alla hina flokkana. Setjum inn (1) og fáum út

$$P(\max_{i' \neq i} S_{ni'} \leq S_{ni}) = P(\max_{i' \neq i} s_{ni'} + \epsilon_{ni'} \leq s_{ni} + \epsilon_{ni}), \quad (3)$$

$$= P(s_{ni'}^* + \epsilon_{ni'}^* \leq s_{ni} + \epsilon_{ni}), \quad (4)$$

$$= P(\epsilon_{ni'}^* - \epsilon_{ni} \leq s_{ni} - s_{ni'}^*). \quad (5)$$

Þar sem við höfum tekið hámarksfallið út með því að setja inn hámarksgildið $s_{ni'}^* + \epsilon_{ni'}^*$ fyrir hina slysaflokkana en i .

Til að halda áfram þarf nú að nýta dreifinguna á ϵ_{ni} til þess að finna dreifinguna á mismun tveggja slíkra gilda. Þá hefur (5) form hefðbundinna dreifinga, þar sem slembitala er minni enn eða jöfn fastri tölu. Við höfum hér tekið Gumbel dreifinguna, sem er dreifing hámarksgilda, og því um margt eðlileg hér því líkurnar eru háðar hámarksgildinu S_{ni} . Hægt er að nota aðrar dreifingar og fást þá önnur spálíkön. Ef notuð er normal dreifing fæst út svonefnt probit líkan. Leiða má út að mismunur tveggja Gumbel dreifðra slembitalna hefur dreifingu sem kölluð er logistic. Með örlítilli algebru fæst þá tiltölulega einföld formúla fyrir líkurnar:

$$P_{ni} = \frac{e^{s_{ni}}}{\sum_{i' \in I} e^{s_{ni'}}}. \quad (6)$$

Þessi formúla er laus við slembihlutann ϵ og er eingöngu háð mældu stærðunum X (áhrifaþáttunum) og metnu stuðlunum β . Við metum stuðlana með aðferð hámarkslíkinda. Það er aðferð sem finnur þá stuðla sem hámarka líkurnar á því að líkanið leiði til sömu niðurstöðu slysaflokkunar og við höfum í gögnunum, og finnur í þeim skilningi bestu stuðlana.

Það er ögn vandasamt að túlka stuðlana eina og sér, því þó líkanið sé einfalt þá hafa allir stuðlar og allar mældar stærðir áhrif á líkur allra flokka. Einnig, þá flækir það málið að líkanið er háð mismun tveggja s gilda. Vegna þess má taka stuðlana fyrir einn slysaflokk og festa þá í 0 og það breytir ekki niðurstöðunni. Stuðlana þarf því að túlka sem mismun við þann flokk sem er festur.

Frekar en að túlka eingöngu stuðlana er hjálplegt að kanna líkindanæmi stuðlana. Líkindanæmi er auðskiljanlegri tala. Hún er prósentubreyting á líkum fyrir prósentubreytingu áhrifaþáttar. Í þessari rannsókn eru allir áhrifaþættirnir hins vegar tvíkosta, það er annað hvort Já eða Nei (0 eða 1). Það er því ekki um prósentubreytingu að ræða. Við reiknum því prósentubreytinguna á líkum sem á sér stað þegar áhrifaþætti er breytt frá 0 í 1. Við tökum meðaltal þeirra prósentubreytinga fyrir alla ökumenn í safninu og sjáum því meðaláhrif hvers áhrifaþáttar á líkur á meiðslum.

4 Gögn

Gögn fengust úr slysaskrá Umferðarráðs (nú slysaskrá Umferðarstofu) sem ná yfir öll umferðarslys á Íslandi árin 1992–1999. Skráin hefur upplýsingar um staðsetningu slysa, ökutæki og einstaklinga. Í greiningunni eru tekin gögn frá bæði þéttbýli og dreifbýli (sjá töflu 1) en þau notuð í sitt hvoru lagi þar sem slys, meiðsl, og ástæður slysa í þéttbýli og dreifbýli eru mismunandi. Rúmlega 85% allra ökutækja í slysunum, sem greiningin tekur til, hafa enga skráða farþega (sjá töflu 2). Því verða eingöngu greind meiðsli ökumanna í þessari greiningu. Tekin eru slys eins og tveggja ökutækja, en það eru rúmlega 92% allra umferðarslysa (sjá töflu 3). Slys eins ökutækis eru aðskilin frá árekstrum tveggja ökutækja í greiningunni þar sem mikill munur er á eðli slysa eins og tveggja ökutækja.

Tafla 1: Tíðni slysa í þéttbýli og dreifbýli.

	Slys	
Þéttbýli	35.516	85,36%
Dreifbýli	6.091	14,64%
Samtals	41.607	100%

Tafla 2: Tíðni slysa eftir farþegafjölda.

Farþegafjöldi	Slys	
0	65.810	85,49%
1	8.102	10,52%
2	2.009	2,61%
3	687	0,89%
4	254	0,33%
5+	121	0,16%
Samtals	76.983	100%

Könnun gagnanna leiddi í ljós að einungis um 26% ökumanna eru skráðir sem notendur bílbelta (sjá töflu 4), þó nýleg könnun sýni að heildar notkun bílstjóra á bílbeltum um land allt er um 92%, en þó er minni notkun í þéttbýli eða um 80% (sjá skýrslu um bílbeltanotkun ökumanna á þjóðvegum landsins sem unnin var af Slysavarnarfélaginu Landsbjörg og Umferðarstofu, 2003). Ef einstaklingur meiðist ekki í umferðarslysinu, þá virðist bílbeltanotkun þess

Tafla 3: Tíðni slysa eftir fjölda ökutækja.

Fjöldi ökutækja	Slys
1	9.808 23,57%
2	28.633 68,82%
3	2.609 6,27%
4	440 1,06%
5+	115 0,28%
Samtals	41.605 100%

Tafla 4: Skráning bílbeltanotkunar eftir meiðslum.

Öryggistæki	Engin meiðsl	Lítill meiðsl	Mikil meiðsl	Dauði	Samtals	
Engin	16.761	3.059	887	97	20.804	59,12%
Bílbelti	2.707	5.848	671	41	9.267	26,33%
Ekki vitað	3.876	1.096	142	4	5.118	14,54%


einstaklings almennt skráð sem *Engin*. Þetta veldur því að einn af mikilvægustu öryggisþáttunum sem draga úr meiðslum er ekki nothæfur til greiningar sem tekur til engra meiðsla.

Til þess að ráða við þessa takmörkun gagnanna verður greiningunni skipt í hluta, í fyrsta lagi líkön sem spá fyrir um skiptinguna á milli *engra meiðsla* og *einhverra meiðsla*, og í öðru lagi líkön sem eru skilyrt á því að einhver meiðsli hafi orðið og spá fyrir um skiptingu þeirra í *lítill meiðsl*, *mikil meiðsl*, eða *dauða*. Þannig má sleppa bílbeltanotkuninni úr fyrra laginu (engin meiðsl eða einhver meiðsl) en hafa hana með í meiðsla líkönunum. Eingöngu eru skoðuð umferðarslys fólksbifreiða og jeppa. Rannsóknin tekur til yfirgnæfandi meirihluta ökumanna (og þar með einstaklinga) sem slösuðust í umferðarslysum á Íslandi árin 1992–1999.

Í stuttu máli þá er greiningunni skipt í hluta eins og sýnt er á mynd 1. Fyrst er skilið á milli dreifbýlis og þéttbýlis, undir þeirri skiptingu er skilið á milli slysa og óhappa sem varða eitt ökutæki og árekstra tveggja ökutækja (minnt er á að eingöngu eru teknar með fólksbifreiðir og jeppar, þannig að t.d. árekstrum fólksbifreiða og vöruflutningabifreiða er sleppt). Því næst kemur að greiningu meiðsla og þá er aftur skipt til að meðhöndla mismunandi skráningu óhappa þar sem engin meiðsl verða og slysa þar sem meiðsl verða á fólki. Líkön eru metin fyrir neðstu tvö löggin á myndinni, en efstu tvö löggin sýna hvernig gögnunum er skipt upp.

5 Tíðni og dreifing meiðsla

Teknar eru saman töflur yfir tíðni meiðsla ökumanna fólksbifreiða og jeppa, bæði í slysum eins ökutækis og í árekstrum tveggja ökutækja (sjá töflur 5–7). Þessar töflur gefa smá vísbendingu um muninn á meiðslum ökumanna jeppa og fólksbifreiða, en mikilvægt er að leggja áherslu á að fjöldatölur sem þessar geta verið mjög villandi þar sem þær taka ekki tillit til mismunandi aðstæðna og notkunar. Logit líkönin gefa mun réttari mynd af muninum því þau taka tillit til



Mynd 1: Skilyrðingartré líkana.

ýmissa annarra áhrifaþátta þegar munurinn er metinn. Því ber að líta á þennan kafla sem einfalda lýsingu gagnanna, en ekki greiningu.

Í slysum eins ökutækis í þéttbýli er lítil munur á tíðni mikilla meiðsla og dauðaslysa fyrir ökumenn jeppa og fólksbifreiða, en ökumenn jeppa lenda í hlutfallslega fleiri slysum með lítill meiðsl og færri slysum með engin meiðsl en ökumenn fólksbifreiða. Í dreifbýli sést munur á tíðni mikilla meiðsla og dauðaslysa, þar sem ökumenn jeppa lenda í hlutfallslega fleiri slíkum slysum en ökumenn fólksbifreiða. Þetta er sambærilegt við reynslu annarra landa, ökumenn jeppa sem lenda í slysi án áreksturs við annað ökutæki eru líklegri til að slasast meira en ökumenn fólksbifreiða í annars sambærilegu slysi. Einnig sést í töflum 5–7 að hlutfall jeppa er hærra í slysum í dreifbýli miðað við þéttbýli. Sá munur á hugsanlega að einhverju leyti rætur sínar að rekja til meiri notkunar jeppa utan þéttbýlis. Þá er hlutfall meiðsla almennt hærra í slysum í dreifbýli en þéttbýli.

Þegar skoðaðir eru árekstrar tveggja bifreiða kemur í ljós að hlutföll ökumanna jeppa sem hlutu engin meiðsl eru hærra en hlutföll ökumanna fólksbifreiða, sérstaklega fyrir ökumenn jeppa sem lentu í árekstri við fólksbifreið. Ökumenn fólksbifreiða hafa hærra hlutfall meiðsla þegar þeir lenda í árekstri við jeppa en þegar áreksturinn er við aðra fólksbifreið.

6 Niðurstöður samanburðar jeppa og fólksbifreiða

Til að kanna hvort marktækur munur finnist á meiðslum ökumanna fólksbifreiða og jeppa eru notaðir sérstakir áhrifaþættir. Í slysum eins ökutækis er notaður áhrifaþátturinn *Jeppabifreið* sem er 1 ef ökutækið er jeppi en 0 ef ökutækið er fólksbifreið. Í árekstrum tveggja ökutækja eru notaðir þrjú áhrifaþættir, *Jeppi í árekstri við jeppa*, *Jeppi í árekstri við fólksbifreið* og *Fólksbifreið í árekstri við jeppa*. Grunntilvikið er *Fólksbifreið í árekstri við fólksbifreið*. Þessir þrjú áhrifaþættir lýsa því hvernig þessi þrjú tilvik eru frábrugðin grunntilvikinu. T.d. ef stuðull áhrifaþáttarinn

Tafla 5: Tíðni meiðsla ökumanna jeppa og fólksbifreiða sem lentu í umferðarslysi en ekki árekstri við annað ökutæki.

	Engin meiðsl	Lítill meiðsl	Mikil meiðsl	Dauði	Samtals	
<i>Þéttbýli</i>						
Ökumenn jeppa	358 (86,27%)	50 (12,05%)	7 (1,69%)	0 (0%)	415	(8,28%)
Ökumenn fólksbifreiða	4.109 (89,36%)	406 (8,83%)	80 (1,74%)	3 (0,07%)	4.598	(91,72%)
Samtals	4.467 (89,11%)	456 (9,10%)	87 (1,74%)	3 (0,06%)	5.013	(100%)
<i>Dreifbýli</i>						
Ökumenn jeppa	357 (65,87%)	138 (25,46%)	40 (7,38%)	7 (1,29%)	542	(17,43%)
Ökumenn fólksbifreiða	1.847 (71,95%)	558 (21,74%)	144 (5,61%)	18 (0,70%)	2.567	(82,57%)
Samtals	2.204 (70,89%)	696 (22,39%)	184 (5,92%)	25 (0,80%)	3.109	(100%)

Tafla 6: Tíðni meiðsla ökumanna sem lentu í árekstri við jeppa.

	Engin meiðsl	Lítill meiðsl	Mikil meiðsl	Dauði	Samtals	
<i>Þéttbýli</i>						
Ökumenn jeppa	241 (94,88%)	10 (3,94%)	3 (1,18%)	0 (0%)	254	(8,95%)
Ökumenn fólksbifreiða	2.322 (89,86%)	231 (8,94%)	30 (1,16%)	1 (0,04%)	2.584	(91,05%)
Samtals	2.563 (90,31%)	241 (8,49%)	33 (1,16%)	1 (0,04%)	2.838	(100%)
<i>Dreifbýli</i>						
Ökumenn jeppa	73 (91,25%)	7 (8,75%)	0 (0%)	0 (0%)	80	(21,39%)
Ökumenn fólksbifreiða	232 (78,91%)	41 (13,95%)	17 (5,78%)	4 (1,36%)	294	(78,61%)
Samtals	305 (81,55%)	48 (12,83%)	17 (4,55%)	4 (1,07%)	374	(100%)

Tafla 7: Tíðni meiðsla ökumanna sem lentu í árekstri við fólksbifreið.

	Engin meiðsl	Lítill meiðsl	Mikil meiðsl	Dauði	Samtals	
<i>Þéttbýli</i>						
Ökumenn	2.503	77	4	0	2.584	(7,02%)
jeppa	(96,87%)	(2,98%)	(0,15%)	(0%)		
Ökumenn	32.064	2.000	158	2	34.224	(92,98%)
fólksbifreiða	(93,69%)	(5,84%)	(0,46%)	(0,01%)		
Samtals	34.567	2.077	162	2	36.808	(100%)
	(93,91%)	(5,64%)	(0,44%)	(0,01%)		
<i>Dreifbýli</i>						
Ökumenn	269	19	5	1	294	(13,45%)
jeppa	(91,50%)	(6,46%)	(1,70%)	(0,34%)		
Ökumenn	1.593	240	54	5	1.892	(86,55%)
fólksbifreiða	(84,20%)	(12,68%)	(2,85%)	(0,26%)		
Samtals	1.862	259	59	6	2.186	(100%)
	(85,18%)	(11,85%)	(2,70%)	(0,27%)		

Jeppi í árekstri við jeppa er ekki marktækt frábrugðinn 0 þá er ekki marktækur munur á meiðslum ökumanna jeppa í árekstri við jeppa og meiðslum ökumanna fólksbifreiða í árekstri við fólksbifreið. Samantekt á niðurstöðunum kemur fram í töflu 8.

6.1 Slys eins ökutækis í dreifbýli

Ökumenn jeppa eru líklegri til að verða fyrir einhverjum meiðslum en ökumenn fólksbifreiða í slysum eins ökutækis í dreifbýli. Líkurnar á einhverjum meiðslum aukast að meðaltali um 24% þegar um jeppa er að ræða, sé öllum öðrum þáttum haldið föstum.

Þegar rannsókuð er skiptingin á milli lítilla meiðsla, mikilla meiðsla og dauða er niðurstaðan ökumönnum jeppa einnig í óhag. Þar aukast líkurnar á dauðsföllum um 137% að meðaltali þegar um jeppa er að ræða, miðað við fólksbifreið, þegar öllum öðrum þáttum er haldið föstum.

6.2 Slys eins ökutækis í þéttbýli

Ekki sést marktækur munur á líkum á meiðslum ökumanna jeppa og fólksbifreiða sem lenda í slysi í þéttbýli án áreksturs við annað ökutæki.

6.3 Árekstrar tveggja ökutækja í dreifbýli

Í árekstrum tveggja ökutækja í dreifbýli sést að líkur á einhverjum meiðslum lækka um nálægt 50% fyrir ökumenn jeppa í árekstrum við jeppa eða fólksbifreið, miðað við ökumenn fólksbifreiða. Ökumenn jeppa eru því síður líklegir til að verða fyrir meiðslum í árekstrum við önnur ökutæki í dreifbýli en ökumenn fólksbifreiða.

Tafla 8: Samanburður á niðurstöðum fyrir líkur á meiðslum ökumanna jeppa og fólksbifreiða.

Slys eins ökutækis í dreifbýli	<p>Ökumenn jeppa eru að meðaltali um 24% líklegri til að verða fyrir einhverjum meiðslum en ökumenn fólksbifreiða.</p> <p>Ef um meiðsli er að ræða þá eru ökumenn jeppa að meðaltali um 137% líklegri til að verða fyrir dauðsfalli en ökumenn fólksbifreiða.</p>
Slys eins ökutækis í þéttbýli	<p>Það er ekki marktækur munur á ökumönnum jeppa og fólksbifreiða.</p>
Árekstrar tveggja ökutækja í dreifbýli	<p>Það eru að meðaltali um 50% minni líkur á að ökumenn jeppa í árekstri við jeppa eða fólksbifreið verði fyrir einhverjum meiðslum en ökumenn fólksbifreiða í árekstri við jeppa eða fólksbifreið.</p> <p>Ekki sést munur á ökumönnum fólksbifreiða í árekstri við jeppa og ökumönnum fólksbifreiða í árekstri við fólksbifreið þegar líkur á engum eða einhverjum meiðslum eru metnar</p> <p>Þegar um meiðsl er að ræða, eru að meðaltali um 106% meiri líkur á að ökumaður fólksbifreiðar í árekstri við jeppa verði fyrir miklum meiðslum eða dauða en ökumaður jeppa í árekstri við jeppa eða fólksbifreið, eða ökumaður fólksbifreiðar í árekstri við fólksbifreið.</p> <p>Þegar um meiðsl er að ræða sést ekki munur á ökumönnum fólksbifreiða í árekstri við fólksbifreið, ökumönnum jeppa í árekstri við jeppa, og ökumönnum jeppa í árekstri við fólksbifreið.</p>
Árekstrar tveggja ökutækja í þéttbýli	<p>Það eru að meðaltali um 40% minni líkur á því að ökumaður jeppa í árekstri við fólksbifreið verði fyrir einhverjum meiðslum en fyrir ökumann fólksbifreiðar í árekstri við fólksbifreið eða fyrir ökumann jeppa í árekstri við jeppa.</p> <p>Það eru að meðaltali um 53% meiri líkur á því að ökumaður fólksbifreiðar í árekstri við jeppa verði fyrir einhverjum meiðslum en fyrir ökumann fólksbifreiðar í árekstri við fólksbifreið eða fyrir ökumann jeppa í árekstri við jeppa.</p> <p>Ekki sést marktækur munur á ökumönnum jeppa sem lenda í árekstri við jeppa og ökumönnum fólksbifreiða sem lenda í árekstri við fólksbifreið þegar þegar skoðuð er skipting í engin eða einhver meiðsl.</p> <p>Ef um meiðsl er að ræða þá sést ekki munur á ökumönnum jeppa í árekstri við jeppa eða fólksbifreið og ökumönnum fólksbifreiða í árekstri við fólksbifreið.</p> <p>Ef um meiðsl er að ræða þá eru að meðaltali um 52% meiri líkur á miklum meiðslum eða dauðsfalli fyrir ökumenn fólksbifreiða í árekstri við jeppa en fyrir ökumenn jeppa eða ökumenn fólksbifreiða í árekstri við fólksbifreið.</p>

Í skiptingunni á milli lítilla meiðsla, mikilla meiðsla og dauðsfalla þá skera ökumenn fólksbifreiða sem lenda í árekstri við jeppa sig úr. Líkur þeirra á miklum meiðslum eða dauða vaxa að meðaltali um 106% miðað við ökumenn fólksbifreiða sem lenda í árekstri við fólksbifreið og miðað við ökumenn jeppa.

6.4 Árekstrar tveggja ökutækja í þéttbýli

Þegar skoðaðir eru árekstrar tveggja ökutækja og skiptingin á milli engra meiðsla og einhverra meiðsla, sést að ekki er marktækur munur á ökumönnum jeppa sem lenda í árekstri við jeppa og ökumönnum fólksbifreiða sem lenda í árekstri við fólksbifreið. Hins vegar sést munur á ökumönnum þegar árekstur verður á milli jeppa og fólksbifreiðar. Líkur ökumanna jeppa á einhverjum meiðslum minnka um 40% að meðaltali, en líkur ökumanna fólksbifreiðarinnar á einhverjum meiðslum hækka aftur á móti um 53% að meðaltali.

Skiptingin á milli lítilla meiðsla, mikilla meiðsla og dauðsfalla sýnir að þar koma ökumenn fólksbifreiða sem lenda í árekstri við jeppa ver út en ökumenn fólksbifreiða í árekstri við fólksbifreið eða ökumenn jeppa. Líkur á miklum meiðslum eða dauðsföllum ökumanna fólksbifreiða í árekstri við jeppa í þéttbýli vaxa um 52% að meðaltali.

7 Mikilvægustu áhrifaþættir meiðsla í umferðarslysum

Í þessum kafla eru teknir saman mikilvægustu áhrifaþættirnir sem finnast með greiningu logit líkana fyrir slys eins ökutækis og árekstra tveggja ökutækja bæði í dreifbýli og í þéttbýli, þar sem ökutækin eru annað hvort fólksbifreiðar eða jeppar. Hér eru mikilvægustu áhrifaþættirnir skilgreindir þeir sem breyta líkum á meiðslaflokki um að minnsta kosti 100%. Fjölmargir þættir eru fyrir neðan þau mörk og hafa því einnig áhrif þó þeir verði ekki ræddir hér. Töflur með öllum stuðlum og líkindanæmi þeirra er að finna í viðauka.

Tafla 9 birtir niðurstöður fyrir slys eins ökutækis, og tafla 10 birtir niðurstöður fyrir árekstra tveggja ökutækja. Þar sem líkan er metið sérstaklega fyrir skiptinguna á milli engra og einhverra meiðsla og sérstaklega fyrir skiptinguna á milli lítilla meiðsla, mikilla meiðsla og dauðsfalla, eru skilin á milli þessara líkana sýnd með lóðréttri línu í töflunum.

Almennt sést að ölvun eða lyfjanotkun og hámarkshraði 60 km/klst eða hærri, tengjast hærri líkum á einhverjum meiðslum. Í slysum eins ökutækis í dreifbýli eru lang stærstu þættirnir 1.075% hærri líkur á dauðsföllum þegar högg kemur beint framan á ökutæki og 1.162% hærri líkur á dauðsföllum á morgnana samanborið við tímann frá kl. 10:00–15:59. Kvöld og nætur tengjast einnig talsvert hærri líkum á dauðsföllum en tíminn 10:00–15:59. Hausti (september, október, nóvember) tengjast 498% hærri líkum á dauðsfalli í slysi eins ökutækis í þéttbýli.

Ekið gegn rauðu ljósi í þéttbýli er einnig mikilvægur þáttur í slysum eins ökutækis, þar sem það athæfi tengist 244% hærri líkum á miklum meiðslum eða dauðsföllum. Enn stærri áhrif sjást fyrir akstur gegn rauðu ljósi í þéttbýli þegar árekstur verður við annað ökutæki. Þá vaxa líkurnar á dauðsföllum um 5.090%. Gatnamót tengjast um 145% hækkun á líkum á einhverjum meiðslum í árekstrum tveggja ökutækja í þéttbýli.

Í árekstrum í þéttbýli eru högg hjá ökumanni tengd 3.446% hækkun á líkum á dauðsföllum, sem sýnir að hliðar loftþúðar geta hugsanlega skilað miklu gagni.

Tafla 9: Mikilvægustu áhrifaþættir meiðsla í umferðarslysum eins ökutækis.

<i>Slys eins ökutækis í dreifbýli</i>			
Áhrifaþáttur	Einhver meiðsl	Aukning á líkum	
		Mikil meiðsl	Dauðsföll
Ölvun eða lyfjanotkun	105%		
Hámarkshraði 60 km/klst eða hærri	105%		
Jeppabifreið			137%
Högg beint framan á ökutæki			1.075%
Nótt: 21:00–5:59			391%
Morgun: 6:00–9:59			1.162%
Kvöld: 16:00–20:59			297%
<i>Slys eins ökutækis í þéttbýli</i>			
Áhrifaþáttur	Einhver meiðsl	Aukning á líkum	
		Mikil meiðsl	Dauðsföll
Ölvun eða lyfjanotkun	150%		
Hámarkshraði 60 km/klst eða hærri	160%		
Högg beint framan á ökutæki	131%		
Bíll valt	131%		
Ökumaður eldri en 65 ára		244%	244%
Ekið gegn rauðu ljósi		294%	294%
Haust: Sept., Okt., Nóv.			498%

Tafla 10: Mikilvægustu áhrifaþættir meiðsla í árekstrum tveggja ökutækja.

<i>Árekstrar tveggja ökutækja í dreifbýli</i>			
Áhrifaþáttur	Einhver meiðsl	Aukning á líkum	
		Mikil meiðsl	Dauðsföll
Ölvun eða lyfjanotkun	156%	212%	
Hámarkshraði 60 km/klst eða hærri	205%		
Högg beint framan á ökutæki	210%		
Högg aftan á ökutæki	140%		
Morgun: 6:00–9:59	116%		
Ökumaður eldri en 65 ára		107%	107%
Próflaus eða sviptur ökuskírteini		342%	
Fólksbifreið í árekstri við jeppabifreið		106%	106%
Ökutæki innan við 5 ára			755%
Vetrardekk, naglar eða keðjur			203%

<i>Árekstrar tveggja ökutækja í þéttbýli</i>			
Áhrifaþáttur	Einhver meiðsl	Aukning á líkum	
		Mikil meiðsl	Dauðsföll
Ökumaður hefur farþega	124%		
Gatnamót	145%		
Ekið á fótgangandi	551%		
Högg beint framan á ökutæki	153%		
Högg aftan á ökutæki	231%		
Högg hjá ökumanni	147%		3.446%
Ekið á ljósastaur	143%		
Ökumaður eldri en 65 ára		185%	
Ekið á fastan hlut (ekki ljósastaur)		331%	331%
Ekið gegn rauðu ljósi			5.090%
Próflaus eða sviptur ökuskírteini			24.939%

Þegar ökumaður hefur farþega og lendir í árekstri í þéttbýli þá reiknast um 124% hærri líkur á einhverjum meiðslum. Það getur haft áhrif að ef farþegar eru ekki í beltum þá geta þeir kastast á ökumann og valdið meiðslum. Einnig, ef farþegar eru í bíl er hugsanlega meira af lausum munum í bílnum sem geta kastast í ökumann og valdið meiðslum.

Það eru tveir aðrir þættir í þéttbýlis árekstrum sem ekki hafa augljósa túlkun, yngri ökutæki (innan við 5 ára) tengjast 755% hærri líkum á dauðsföllum, og vetrardekk, naglar eða keðjur tengjast 203% hærri líkum á dauðsföllum. Aldur ökutækisins tengist líklega frekar meiri akstri, einnig getur verið að yngri ökutækjum sé ekið örlítið hraðar að meðaltali en það er hrein ágiskun höfundar. Það má búast við að meiri líkur á dauðsföllum þegar notuð eru vetrardekk, naglar eða keðjur tengist að einhverju leyti verri aðstæðum.

Próflausir aðilar, eða þeir sem sviptir hafa verið ökuskráteini, tengjast hærri líkum á miklum meiðslum í dreifbýli og tengjast geysilegri hækkun á líkum á dauðsfalli í þéttbýli. Það er vert að minna á að þetta eru líkur á meiðslum ökumannsins sjálfs. Próflausir aðilar tengjast því hér stór auknum líkum á eigin dauðsfalli.

Í þéttbýlis árekstrum þar sem ökutæki rekst einnig á fótgangandi reiknast út 551% hærri líkur á einhverjum meiðslum. Ekki er búist við að það sé í raun áreksturinn við hinn fótgangandi sem veldur þessu, heldur frekar að árekstur ökutækjanna tveggja var svo harður að þetta ökutæki kastaðist í burtu og rakst þar á fótgangandi. Árekstur tveggja ökutækja sem einnig innifelur árekstur við ljósastaur tengist 143% hærri líkum á einhverjum meiðslum. Árekstur við fastan hlut, annan en ljósastaur, tengist um 331% hærri líkum á miklum meiðslum eða dauða.

Það er einnig eftirtektarvert að líkur ökumanna eldri en 65 ára á alvarlegri meiðslum eru hér iðulega hærri en hundrað prósent. Þetta má líklega tengja því að eldri ökumenn eru viðkvæmari líkamlega en yngri ökumenn og því líklegri til að meiðast meira.

8 Lokaorð

Gögn úr slysaskrá Umferðarstofu (áður Umferðarráðs) hafa verið könnuð. Gerð hafa verið logit spálkön fyrir skiptinguna á milli óhappa þar sem engin meiðsl urðu og slysa þar sem einhver meiðsl urðu, og fyrir skiptinguna á milli lítilla meiðsla, mikilla meiðsla og dauðsfalla. Rannsókuð voru öll skráð umferðarslys eins og tveggja fólksbifreiða og jeppa á Íslandi árin 1992–1999. Greiningunni er skipt upp á milli dreifbýlis og þéttbýlis.

Helstu niðurstöður varðandi mun á meiðslum ökumanna jeppa og fólksbifreiða eru að í slysum eins ökutækis í dreifbýli eru ökumenn jeppa líklegri til að verða fyrir einhverjum meiðslum (sér í lagi dauðsfalli) en ökumenn fólksbifreiða. Enginn munur fannst á milli ökumanna fólksbifreiða og jeppa í slysum eins ökutækis í þéttbýli. Ástæður þessa munar eru eðlilegar. Jeppar velta frekar en fólksbifreiðar og veltur tengjast alvarlegri meiðslum. Einnig eru krumpusvæði í jeppum almennt stífari en í fólksbifreiðum og ökumaður jeppa í árekstri við fastan hlut, t.d. með að keyra út af og lenda á skurðkanti, tekur því á sig meiri hröðun en ökumaður fólksbifreiðar.

Í árekstrum tveggja ökutækja vaxa almennt líkur á miklum meiðslum og dauðsföllum fyrir ökumenn fólksbifreiða sem lentu í árekstri við jeppa, bæði í dreifbýli og þéttbýli, á meðan líkur á einhverjum meiðslum ökumanna jeppa í árekstri við fólksbifreið lækka almennt. Þessar niðurstöður eru einnig eðlilegar því þegar jeppi rekst á fólksbifreið er jeppinn ekki að rekast á fastan hlut, heldur hlut sem iðulega hefur mun minni skriðþunga en jeppinn. Fólksbifreiðin fer því hálloka í slíkum árekstri.

- Jeppar koma ver út fyrir sína öikumenn í slysum án áreksturs við annað ökutæki í dreifbýli
- Fólksbifreiðar koma betur út fyrir sína öikumenn í slysum án áreksturs við annað ökutæki í dreifbýli
- Jeppar koma betur út fyrir sína öikumenn í árekstrum við fólksbifreiðar bæði í dreifbýli og í þéttbýli, en auka líkur á alvarlegri meiðslum öikumanns fólksbifreiðarinnar.

Eins og sést þegar töflurnar í viðauka þessarar skýrslu eru skoðaðar, þá eru fjölmargir áhrifaþættir sem hafa talsverð áhrif, þ.e. á milli 10% og 100%, og því hægt að lesa margt úr skýrslunni. T.d. má benda á eftirfarandi niðurstöður:

- Ef ekið er á fótgangandi í slysi eins ökutækis þá tengist það minni líkum á einhverjum meiðslum öikumanns.
- Í slysi eins ökutækis þá tengist hálka um 20% (dreifbýli og þéttbýli) minni líkum á einhverjum meiðslum. Ef um meiðsl er að ræða þá tengist hálka um 79% minni líkum á dauðsföllum í dreifbýli. Hins vegar tengist blautur vegur um 28% meiri líkum á miklum meiðslum og dauðsföllum í dreifbýli. Öikumenn virðast því taka gott tillit til hálku á vegi en taka ekki nægt tillit til bleytu á vegi. Áhrif bleytu á vegi í þéttbýli voru ekki marktæk.
- Í árekstrum tveggja ökutækja í dreifbýli hafa umhverfisskilyrðin ekki marktæk áhrif en í þéttbýli hafa þau áhrif. Þar draga þættirnir blautur vegur og hálka úr líkum á einhverjum meiðslum en á móti kemur að ef vegur er slæmur eða færð er slæm þá eru vaxandi líkur á einhverjum meiðslum. Ef um meiðsl er að ræða þá tengist hálka 70% auknum líkum á miklum meiðslum í árekstrum tveggja ökutækja í þéttbýli. Öikumenn taka því tillit til aðstæðna en ef árekstur sem veldur meiðslum verður í hálku þá eru meiri líkur á alvarlegri meiðslum.
- Bílbeltanotkun tengist almennt auknum líkum á litlum meiðslum og minnkandi líkum á miklum meiðslum og dauðsföllum í slysum og sanna þar með gildi sitt.
- Konur mælast almennt líklegri til að verða fyrir einhverjum meiðslum en karlar, en ef þær verða fyrir meiðslum er almennt lítill munur á þeim og körlum nema ef eitthvað er, tengjast konur þá minni líkum á alvarlegri meiðslum.

Umhverfisþættir eru því almennt ekki á meðal mikilvægustu áhrifaþáttana, heldur eru það frekar þættir tengdir slæmu atferli (próflaus akstur, ölvun, akstur gegn rauðu ljósi). Þegar mikilvægustu áhrifaþættirnir eru skoðaðir koma eftirfarandi megin þættir í ljós:

- Öikumenn sem eru próflausir eða hafa verið sviptir ökuskírteini eru nærri 25.000% líklegri til að deyja lendi þeir í árekstri í þéttbýli. Slíkir öikumenn virðast því talsvert hættulegir í umferðinni, en í þessari greiningu sést ekki hvernig öðrum öikumönnum farnast sem lenda í árekstri við próflausa eða prófsvipta öikumenn.
- Ökumaður sem ekur á móti rauðu ljósi og lendir í slysi í þéttbýli tengist mjög svo vaxandi líkum á því að deyja, 5.090% hækkun í árekstrum tveggja ökutækja og 294% hækkun í slysi eins ökutækis.

- Ölvun eða lyfjanotkun er almennt tengd meira en hundrað prósent hærri líkum á einhverjum meiðslum.
- Eldri ökumenn (eldri en 65 ára) eru líklegri til að verða fyrir alvarlegri meiðslum en yngri ökumenn.
- Högg hjá ökumanni í árekstri tveggja ökutækja í þéttbýli tengist 147% hærri líkum á einhverjum meiðslum og ef um meiðsl er að ræða þá vaxa líkurnar á dauðsfalli um 3.446%. Aukin notkun hliðarloftþúða er því líkleg til að bæta umferðaröryggi.

Það er einlæg von höfundar að skýrsla þessi bæti skilning á áhrifaþáttum meiðsla í umferðarslysum almennt og sér í lagi þegar skoðaður er munur á meiðslum ökumanna jeppa og fólksbifreiða.

Þakkir

Höfundur þakkar Rannsóknarráði umferðaröryggismála fyrir að hafa styrkt verkefnið. Sérstakar þakkir fá einnig Umferðarráð, Óli H. Þórðarson, Örn Þ. Þorvarðarson og Friðrik Hafberg fyrir aðstoð við öflun gagna. Einnig eiga þakkir skildar, Auður Þóra Árnadóttir og Ásdís E. Guðmundsdóttir fyrir góð samskipti. Höfundur þakkar einnig Þórhalli Ólafssyni fyrir að hafa hvatt höfund til að hefja þetta verkefni.

Heimildir

- [1] Ágúst Mogensen, 2002: *Útafakstur*. Rannsóknarnefnd umferðarslysa, Rannsóknarráð umferðaröryggismála.
- [2] Ágúst Mogensen og Örn Þ. Þorvarðarson, 2001: *Bifhjólaslys 1991–2000*. Rannsóknarnefnd umferðarslysa, Umferðarráð og Bifhjólasamtök lýðveldisins.
- [3] Árni Jónsson, Skúli Þórðarson og Guðmundur Freyr Úlfarsson, 2002: *Slysatíðni breyttra jeppa*. Áfangaskýrsla I. Orion ráðgjöf ehf., Rannsóknarráð umferðaröryggismála.
- [4] Chang, L.-Y., og F. L. Mannering, 1999: Analysis of injury severity and vehicle occupancy in truck- and non-truck-involved accidents. *Accident Analysis and Prevention*, 31(5), 579–592.
- [5] Greene, W., 2002: *Econometric Analysis*. 5th Edition, Pearson Education.
- [6] Guðmundur Freyr Úlfarsson, 2001: *Injury severity analysis for passenger car, pickup, sport utility vehicle and minivan drivers: Male and female differences*. Ph.D. ritgerð. University of Washington. UMI Dissertation publishing.
- [7] Guðmundur Freyr Úlfarsson og F. L. Mannering, 2004: Statistical analysis of differences in male and female injury severities in sport-utility vehicle, minivan, pickup and passenger car accidents. *Accident Analysis and Prevention*, 36(2), 135–147.

- [8] Guðmundur Freyr Úlfarsson og V. N. Shankar, 2003: An accident count model based on multi-year cross-sectional roadway data with serial correlation. *The 82nd Annual Meeting of the Transportation Research Board*, Washington, D.C., Bandaríkin, 12.–16. janúar.
- [9] Kennedy, J., 1997: Effect of light poles on vehicle impacts with roadside barriers. *Transportation Research Record*, 1599, 32–39.
- [10] Lee, J., og F. L. Mannering, 2001: Impact of roadside features on the frequency and severity of run-off-roadway accidents: an empirical analysis. *Accident Analysis and Prevention*, 34(2), 153–165
- [11] Lögreglan á Blönduósi, 2003: *Ástæður umferðaróhappa á þjóðvegnum*. Lögreglan á Blönduósi, Rannsóknarráð umferðaröryggismála.
- [12] McFadden, D., 1974: Conditional logit analysis of qualitative choice behavior. Í *Frontiers in Econometrics*. Zarembka, P. (ritstj.), Academic Press, NY.
- [13] McFadden, D., 1981: Econometric models of probabilistic choice. Í *Structural Analysis of Discrete Data with Econometric Applications*, Manski, C., og D. McFadden (ritstj.), MIT press, Cambridge, MA.
- [14] Michie, J., og M. Bronstad, 1994: Highway guardrails: safety feature or roadside hazard? *Transportation Research Record*, 1468, 1–9.
- [15] Rannsóknarnefnd umferðarslysa, 2002: *Banaslys í umferðinni 2001*. Rannsóknarnefnd umferðarslysa, Rannsóknarráð umferðaröryggismála.
- [16] Rannsóknarnefnd umferðarslysa, 2003: *Framanákeyrslur*. Rannsóknarnefnd umferðarslysa, Rannsóknarráð umferðaröryggismála.
- [17] Shankar, V. N., Guðmundur Freyr Úlfarsson, R. M. Pendyala, og M. B. Nebergall, 2003: Modeling crashes involving pedestrians and motorized traffic. *Safety Science*, 41(7):627–640.
- [18] Shankar, V. N., og F. L. Mannering, 1996: An exploratory multinomial logit analysis of single-vehicle motorcycle accident severity. *Journal of Safety Research*, 27(3), 183–194.
- [19] Shankar, V. N., F. L. Mannering, og W. Barfield, 1996: Statistical analysis of accident severity on rural freeways. *Accident Analysis and Prevention*, 28(3), 391–401.
- [20] Slysavarnarfélagið Landsbjörg og Umferðarstofa, 2003: *Skýrsla um bílbeltanotkun öku-manna á þjóðvegum landsins*. Slysavarnarfélagið Landsbjörg, Umferðarstofa, Rannsóknarráð umferðaröryggismála.

A Niðurstöðutöflur

Þessi viðauki inniheldur allar tölulegar niðurstöður rannsóknarinnar í töflum. Töflurnar eru flokkaðar eins og sýnt er á mynd 1. Skipt er í fjóra undirkafla og innan hvers þeirra eru tvö logit líkön og líkindanæmi stuðlanna:

1. dreifbýli—1 ökutæki; áhrifaþættir;
 - (a) engin eða einhver meiðsl; logit líkan og líkindanæmi;
 - (b) lítil meiðsl, mikil meiðsl, eða dauði; logit líkan og líkindanæmi;
2. dreifbýli—2 ökutæki; áhrifaþættir;
 - (a) engin eða einhver meiðsl; logit líkan og líkindanæmi;
 - (b) lítil meiðsl, mikil meiðsl, eða dauði; logit líkan og líkindanæmi;
3. þéttbýli—1 ökutæki; áhrifaþættir;
 - (a) engin eða einhver meiðsl; logit líkan og líkindanæmi;
